

1930, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 15. apríl 1933, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

22
4. apríl

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. apríl 1933.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Fræðasjóð Ljósavatnshrepps“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra, 6. apríl 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

23
6. apríl

fyrir Fræðasjóð Ljósavatnshrepps.

1. gr.

Sjóður þessi heitir „Fræðasjóður Ljósavatnshrepps“. Hann er stofnaður með 2000 — tvö þúsund — króna gjöf frá frú Bjarnrúnu Jónsdóttur og Guðmundi hreppstjóra Árnasyni, búandi hjónum að Múla í Landmannahreppi, á 25 ára hjúskaparafmæli þeirra.

2. gr.

Hreppsnefnd Ljósavatnshrepps sér um geymslu fjárens og ábyrgist tryggja og góða ávöxtun þess. Ber hreppsfélagið fulla ábyrgð þess að eigi glatist af sjóðnum höfuðstóll eða vextir.

Við höfuðstólinn leggjast vextir þeir sem eigi eru notaðir samkvæmt því er síðar segir, svo og aðrar tekjur, er sjóðnum kunna að berast. Höfuðstólinn, með því er við hann bætist, má aldrei skerða.

3. gr.

Vöxtum sjóðsins má verja annaðhvort ár til þess að styrkja fræðimenn, búsetta í Ljósavatnshreppi, ef hæfir finnast, til þess að safna alþýðlegum fróðleik og verja frá glötun. Að öðru jöfnu situr fátækari maður fyrir rikari, um styrk úr sjóðnum.

Tryggingar skulu settar fyrir því að það sem safnað er fyrir styrk úr sjóðnum, geymist og verjist frá glötun. Skulu handritin annað hvort prentuð eða geymd að minnsta kosti í tveimur eintökum, öðru í bókasafni alþýðuskólans á Laugum, en hinu í landsskjalasafninu í Reykjavík. Aldrei má flytja handritin út úr lestrarstofum safna þessara, en heimilt skal fræðimönnum að nota þau þar undir umsjá bókavarða.

4. gr.

Þegar vextir sjóðsins hafa náð þúsund krónum á ári, og ef eigi finnast styrkhæfir menn innan Ljósavatnshrepps, er heimilt að verja nokkru af vöxtunum til styrktar listamönnum í hreppnum, eða öðrum fræðimönnum en þeim, er þjóðleg fræði stunda.

Þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir þrjú þúsund krónur og ef eigi finnst styrkhæfir menn innan hrepps, er heimilt að verja nokkru af vöxtunum til styrktar fátækum fræðimönnum úr öðrum hreppum í Suður- eða Norður-Þingeyjarsýslu. Þó skulu styrkþegar jafnan búsettir utan kaupstaða og kauptúna. Einnig má þá verja vöxtum sjóðsins til að verðlauna mikilsverð fræðirit samin af mönnum búsettum í sýslunni. — Heimilt er að stækka verðlaunasvæðið síðar, ef ástæða þykir til, þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir tíu þúsund krónur.

5. gr.

Styrk og verðlaunum úr sjóðnum úthluta þrír menn:

1. Prestur sá er hefir á hendi prestþjónustu í Þóroddsstaðarsókn.
2. Hreppstjórinn í Ljósavatnshreppi.
3. Einn maður sem hreppsnefnd Ljósavatnshrepps kýs, til þriggja ára í senn.

Fari svo að Ljósavatnshreppi verði skipt í tvö sveitarfélög og eigi náist samkomulag um úthlutunarnefnd sjóðsins, samkvæmt fyrnefndum reglum, skal heimilt að fjölga nefndarmönnum úr þremur upp í fimm, þannig, að úthlutunarnefndina skipi, auk þjónandi prests Þóroddsstaðarsóknar, hreppsstjórar beggja hreppa og tveir menn, kosnir sinn af hvorri hreppsnefnd.

Úthlutunarnefnd skal halda gjörðabók og rita í hana greinilega ástæður til styrks og verðlauna. Ef ágreiningur verður um úthlutun styrks skal það og bókað ásamt ágreiningsatriðum. Þó ræður meiri hluti úrslitum.

Þegar gerðabækur úthlutunarnefndar eru útskrifaðar, skal senda þær til geymslu í þjóðskjalasafninu í Reykjavík.

6. gr.

Um leið og hreppsfélagið er búið að taka við sjóðnum til umráða skal það taka að sér ábyrgð þess að stjórn sjóðsins og bókhald verði honum að kostnaðarlausu. — Oddviti Ljósavatnshrepps skal færa reikninga sjóðsins inn í gerðabók hreppsins og skulu þeir endurskoðaðir ásamt öðrum reikningum hreppsins. Falli kostnaður á sjóðinn, vegna stjórnar eða bókhalds, eða ef Ljósavatnshreppur hverfur inn í aðra hreppa, verður sjóðurinn eign Þingeyjarsýslu með sömu skilyrðum og hann var áður eign Ljósavatnshrepps. Vilji sýslan eigi taka við sjóðnum, verður hann eign allra landsmanna undir umráðum landstjórnarinnar.

7. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.